

Útgáfa 4.0  
17.10.2025

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

## Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Bárðarbungu, áhrifasvæði norðan Vatnajökuls



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra  
Almannavarnanefndin í umdæmi  
lögreglustjórans á Norðurlandi eystra  
Ríkislögreglustjóri

**Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í  
Bárðarbungu, áhrifasvæði norðan  
Vatnajökuls**

**Unnin af**

**Lögreglustjóranum á Norðurlandi  
eystra**

**Almannavarnanefndinni í umdæmi  
lögreglustjórans á Norðurlandi eystra**

**Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra  
Athugasemdir við áætlunina skal senda  
í netfangið**

**[almannavarnirnordurlandeystra@logreglan.is](mailto:almannavarnirnordurlandeystra@logreglan.is)**

# EFNISYFIRLIT

|                                                                                   |           |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1. INNGANGUR.....</b>                                                          | <b>5</b>  |
| <b>2. STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR.....</b>                                               | <b>6</b>  |
| 2.1 ALMENNT .....                                                                 | 6         |
| <b>3. SKILGREININGAR .....</b>                                                    | <b>7</b>  |
| 3.1 VIRKJUN .....                                                                 | 7         |
| 3.2 ÓVISSUSTIG .....                                                              | 7         |
| 3.3 HÆTTUSTIG .....                                                               | 7         |
| 3.4 NEYÐARSTIG .....                                                              | 7         |
| 3.5 AFBODUN .....                                                                 | 7         |
| 3.6 SKAMMSTAFANIR .....                                                           | 8         |
| <b>4. BOÐUN.....</b>                                                              | <b>9</b>  |
| 4.1 ÓVISSUSTIG – ELDGOS Í BÁRÐARBUNGU .....                                       | 9         |
| 4.2 HÆTTUSTIG - ELDGOS Í BÁRÐARBUNGU .....                                        | 10        |
| 4.3 NEYÐARSTIG – ELDGOS Í BÁRÐARBUNGU .....                                       | 11        |
| <b>5. STJÓRNKERFI.....</b>                                                        | <b>12</b> |
| 5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS .....                    | 12        |
| 5.2 AÐGERÐASTJÓRN .....                                                           | 13        |
| 5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN (AST).....                              | 14        |
| 5.4 VETTVANGSSTJÓRN (VST).....                                                    | 15        |
| 5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR.....                                                         | 16        |
| 5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN .....                                 | 17        |
| 5.7 HLUTVERK SAMHÆFINGARSTÖÐVARINNAR .....                                        | 18        |
| 5.8 FJÖLMIDLAR .....                                                              | 18        |
| 5.9 LOFTBRÚ .....                                                                 | 18        |
| <b>6. STARFSSVÆÐI.....</b>                                                        | <b>19</b> |
| 6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR (MÓT).....                                                      | 20        |
| 6.2 BIÐSVÆÐI (BH-BF-BTB) .....                                                    | 21        |
| 6.3 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI .....                                                  | 22        |
| 6.4 HAMFARASVÆÐI OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY) .....                                    | 23        |
| 6.5 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐVAR.....                                                     | 24        |
| <b>7. RÝMINGARÁÆTLUN .....</b>                                                    | <b>25</b> |
| 7.1 ALMENNT .....                                                                 | 25        |
| 7.2 RÝMING KELDUHVERFI SVÆÐI R1-R2-R3 .....                                       | 26        |
| 7.3 RÝMING ÖXARFIRÐI AUSTAN ÁR SVÆÐI R4-R5-R6-R7 .....                            | 29        |
| 7.4 RÝMING JÖKULSÁRGLJÚFUR AUSTAN ÁR:.....                                        | 31        |
| 7.5 RÝMING JÖKULSÁRGLJÚFUR VESTAN ÁR: .....                                       | 31        |
| 7.6 RÝMING HÁLENDIÐ SUNNAN HRINGVEGAR Á MILLI JÖKULSÁR OG SKJÁLFAFANDAFLIÓTS..... | 31        |
| 7.7 RÝMING SKJÁLFAFANDAFLIÓT .....                                                | 32        |
| 7.8 RÝMINGARSVÆÐI SK 1,2,3,4 OG 5 .....                                           | 33        |
| 7.9 RÝMINGARSVÆÐI SK 6,7 OG 8 .....                                               | 36        |
| 7.10 RÝMINGARSVÆÐI SK 9 OG 10 ( SKJÁLFAFANDAFLIÓT/BÁRÐARDALUR) .....              | 38        |
| 7.11 LOKUNARPÓSTAR VEGNA RÝMINGAR .....                                           | 39        |
| <b>8. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA .....</b>                                           | <b>41</b> |
| 8.1 NEYÐARLÍNAN – 1-1-2 .....                                                     | 42        |
| 8.2 FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA - FMR .....                             | 43        |
| 8.3 ALMANNAVARNADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA.....                                    | 44        |
| 8.4 SAMHÆFINGARSTÖÐIN - SST .....                                                 | 45        |
| 8.5 LÖGREGLAN NORÐURLAND EYSTRÁ - LNE .....                                       | 46        |
| 8.6 LÖGREGLAN Á AUSTURLANDI – LAL .....                                           | 47        |
| 8.7 SÉRSVEIT – RLS .....                                                          | 48        |

|            |                                                                        |            |
|------------|------------------------------------------------------------------------|------------|
| 8.8        | SVÆDISSTJÓRN SVÆÐI 11.....                                             | 49         |
| 8.9        | BJÖRGUNARSVEITIR Í EYJAFIRÐI – SVÆÐI 11 (DALBJÖRG-SÚLUR-TÝR-ÆGIR)..... | 50         |
| 8.10       | SVÆDISSTJÓRN SVÆÐI 12.....                                             | 51         |
| 8.11       | BJÖRGUNARSVEITIN ÞINGEY.....                                           | 52         |
| 8.12       | BJÖRGUNARSVEITIN STEFÁN.....                                           | 53         |
| 8.13       | HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJADAL.....                                      | 54         |
| 8.14       | HJÁLPARSVEIT SKÁTA AÐALDAL.....                                        | 55         |
| 8.15       | BJÖRGUNARSVEITIN GARÐAR.....                                           | 56         |
| 8.16       | BJÖRGUNARSVEITIN NÚPAR.....                                            | 57         |
| 8.17       | BJÖRGUNARSVEITIN PÓLSTJARNAN.....                                      | 58         |
| 8.18       | BJÖRGUNARSVEITIN HAFLÍÐI.....                                          | 59         |
| 8.19       | SVÆDISSTJÓRN SVÆÐI 13.....                                             | 60         |
| 8.20       | BJÖRGUNARSVEITIR Á AUSTURLANDI – SVÆÐI 13 (VOPNI-JÖKLAR-HÉRAÐ).....    | 61         |
| 8.21       | LANDSSTJÓRN BJÖRGUNARSVEITA.....                                       | 62         |
| 8.22       | VEGAGERÐIN.....                                                        | 63         |
| 8.23       | SLÖKKVILÐ NORÐURÞINGS OG ÞINGEYJARSVEITAR.....                         | 64         |
| 8.24       | RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI.....                                          | 65         |
| 8.25       | VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR / SKÁLAVERÐIR / LANDVERÐIR / MÝVATNSSTOFA.....   | 66         |
| 8.26       | HEILBRIGÐISSTOFNUN NORÐURLANDS – HÚSAVÍK.....                          | 67         |
| 8.27       | LANDHELGISGÆSLAN.....                                                  | 68         |
| 8.28       | SVEITARFÉLÖGIN ÞINGEYJARSVEIT OG NORÐURÞING.....                       | 69         |
| 8.29       | MATVÆLASTOFNUN.....                                                    | 70         |
| 8.30       | VEÐURSTOFAN.....                                                       | 71         |
| 8.31       | JARÐVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS.....                                | 72         |
| 8.32       | SÓTTVARNALÆKNIR.....                                                   | 73         |
| 8.33       | FERDAMÁLASTOFA.....                                                    | 74         |
| <b>9.</b>  | <b>FJARSKIPTI.....</b>                                                 | <b>75</b>  |
| <b>10.</b> | <b>KORT.....</b>                                                       | <b>76</b>  |
| 10.1       | FLÓÐAKORT – JÖKULSÁ Á FJÖLLUM.....                                     | 77         |
| 10.2       | FLÓÐAKORT - SKJÁLFAFLIÓT.....                                          | 90         |
| <b>11.</b> | <b>DREIFINGARLISTI.....</b>                                            | <b>107</b> |
| <b>12.</b> | <b>BREYTINGASAGA.....</b>                                              | <b>108</b> |

## 1. INNGANGUR

Viðbragðsáætlunin þessi segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar eldgoss í Bárðarbungu sem áhrif hafa á svæði norðan Vatnajökuls í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Hún er unnin af lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, almannavarnanefndinni í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsaðilar og aðrir, sem nefndir eru í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð vegna eldgoss í eða við Bárðarbungu og áhrifasvæða norðan jökuls sem og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. fjögurra ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fjögurra ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög 82/2008 um almannavarnir, og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

17. október 2025

Áætlunin er undirrituð rafrænt af

Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra sem jafnframt er  
formaður almannavarnanefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra

og

Ríkislögreglustjóra

## 2. STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR

### 2.1 Almennt

Bárðarbunga er stórt eldstöðvakerfi undir norðvestanverðum Vatnajökli, með stærstu megineldstöð á Íslandi og með tengdu sprungusvæði sem nær tugi kílómetra. Kerfið hefur verið virkt í þúsundir ára og framleiðir bæði sprengigos, hraungos og blandaðar gosgerðir. Síðasta gos varð í Holuhrauni 2014–2015 og var stærsta hraungos á Íslandi síðan 1783 (Skaftáreldar).

Ýmsar hættur geta fylgt gosum úr Bárðarbungu og svæðinu þar í kring og því eru nokkrir stórir áhrifaþættir sem hafa áhrif afleiðingar goss á svæðinu sem og til hvaða viðbragðs þarf að grípa hverju sinni. Þeir helstu áhrifaþættir sem nauðsynlegt er að horfa til eru t.d. staðsetning, umfang og árstími.

Engin byggð er í nágrenni við Bárðarbunguna sjálfa í um 100 km radíus en yfir sumartímann er mikill ferðamannastraumur og þjónusta við ferðamenn á hálendi Íslands sem þarf að huga vel að komi til goss eða öflugra jarðhræringa á þeim tíma.

Komi til goss eru þetta þær helstu hættur og verkefni sem þarf að glíma við,

#### ➤ Jökulhlaup

- Gos undir Vatnajökli getur brætt mikið magn af ís á stuttum tíma
- Vatn getur safnast fyrir undir jökli og brotist fram sem skyndilegt jökulhlaup í farvegi eins og Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóti
- Hættan felst í m.a. miklum flóðvatnsmagni, ís- og grjótburði, skemmdum á brúm, vegum og raflínum
- Samkvæmt nýjustu útreikningum sem sjá má í kortum hér aftast í áætluninni má áætla að flóðatími til sjávar geti verið 22-45 klst. í Jökulsá á Fjöllum og 20-24 klst. í Skjálfandafljóti, allt eftir umfangi hverju sinni

#### ➤ Öskufall og gjóskudreifing

- Sprengigos geta sent gosmökk hátt upp í loftbjúpin
- Ösku- og gjóskufall getur haft áhrif á heilsu fólks og búfjár, mengað drykkjarvatn og skemmt gróður
- Hætta er á truflun á flugsamgöngum

#### ➤ Gasútstreymi

- Gos getur leyst út mikið magn af brennisteinsdíoxíð ( $\text{SO}_2$ ) og öðrum lofttegundum
- Getur valdið loftmengun sem hefur áhrif á heilsu fólks, sérstaklega með öndunarfærasjúkdóma, og skaðað vistkerfi.
- Gosið í Holuhrauni 2014-2015 leysti út eitt mesta magn gastegunda sem sést hefur í heiminum samkv. mælingum

#### ➤ Langvarandi hraunflæði

- Ef gos verður utan jökuls, eins og t.d. í Holuhrauni, getur það framleitt gríðarlegt magn hrauns sem breytir landslagi, lokað vatnsföllum og haft mikil áhrif á ýmsa innviði eins og gerst hefur á Reykjanesi nú sl. ár (2021-2025)

### 3. SKILGREININGAR

#### 3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum almannavarnastigum.

Forsendur virkjunar liggja í samráði lögreglu og bakvaktar almannavarnadeildar. Þannig tilkynnir almannavarnardeild Neyðarlínunni um á hvaða stigi skuli virkja áætlunina. Þeir sem heimild hafa til að að virkja áætlunina eru:

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð eru aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóra hefur einn heimild til að breyta almannavarnastigum eftir að áætlun hefur verið virkjuð.

Þeir viðbragðsaðilar sem bregðast við á þessum stigum eru boðaðir samkvæmt boðunargrunni Neyðarlínunnar og fá boð samkvæmt þessum kafla. Verkefni viðbragðsaðila er að finna í 8. kafla.

#### 3.2 ÓVISSUSTIG

##### Skilgreining:

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

#### 3.3 HÆTTUSTIG

##### Skilgreining:

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegar að um neyðarástand sé að ræða

#### 3.4 NEYÐARSTIG

##### Skilgreining:

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar

#### 3.5 Afboðun

SST tilkynnir afboðun og breytingar á almannavarnastigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. AST tilkynnir auk þess um afboðun á viðeigandi fjarskiptum til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

### 3.6 Skammstafanir

|               |                                                                   |
|---------------|-------------------------------------------------------------------|
| <b>AST</b>    | Aðgerðastjórn /-stjóri                                            |
| <b>BF</b>     | Biðsvæði flutningstækja                                           |
| <b>BH</b>     | Biðsvæði hjálparliðs                                              |
| <b>BTB</b>    | Biðsvæði tækja og búnaðar                                         |
| <b>FHS</b>    | Fjöldahjálparstöð                                                 |
| <b>HSN</b>    | Heilbrigðisstofnun Norðurlands                                    |
| <b>IL</b>     | Innri lokun                                                       |
| <b>ISAVIA</b> | ISAVIA, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsöguþjónustu á Íslandi |
| <b>LHG</b>    | Landhelgisgæslan                                                  |
| <b>LSNE</b>   | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra                             |
| <b>LSH</b>    | Landspítali Háskólasjúkrahús                                      |
| <b>LP</b>     | Lendingarsvæði fyrir þyrlur                                       |
| <b>MÓT</b>    | Móttökustaður fyrir bjargir                                       |
| <b>RKÍ</b>    | Rauði krossinn á Íslandi                                          |
| <b>SÁBF</b>   | Stjórnun – Áætlun – Bjargir - Framkvæmd                           |
| <b>SLY</b>    | Slysstaður / slysavettvangur                                      |
| <b>SSA</b>    | Söfnunarsvæði aðstandenda                                         |
| <b>SSL</b>    | Söfnunarsvæði látinna                                             |
| <b>SSS</b>    | Söfnunarsvæði slasaðra                                            |
| <b>SST</b>    | Samhæfingarstöðin                                                 |
| <b>VHF</b>    | Very High Frequency                                               |
| <b>VST</b>    | Vettvangsstjórn / -stjóri                                         |
| <b>YL</b>     | Ytri lokun                                                        |

|  |
|--|
|  |
|  |
|  |
|  |
|  |
|  |
|  |

## 4. BOÐUN

Neyðarlínan 112 annast boðun samkvæmt áætlun þessari eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

### Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans

#### Lögreglustjórans á Norðurland eystra

Þegar ákveðið er að virkja viðbragðsáætlunina skulu ofnagreindir aðilar upplýsa Neyðarlínu á hvaða almannavarnastigi áætlunin skuli virkjuð.

Neyðarlínu skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun.

- **ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti.

### 4.1 Óvissustig – Eldgos í Bárðarbungu

Neyðarlína 112 boðar með SMS:

#### ÓVISSUSTIG – Eldgos – Vatnajökull

|                                                                   |
|-------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn Húsavík                                            |
| Aðgerðastjórn Suðurlandi                                          |
| Lögreglan Norðurland eystra                                       |
| Lögreglan á Austurlandi                                           |
| Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1 og 2        |
| Ríkislögreglustjórinn FMR – Vaktsími/yfirmenn                     |
| Landsstjórn björgunarsveita                                       |
| Svæðisstjórn svæði 11                                             |
| Svæðisstjórn svæði 12                                             |
| Svæðisstjórn svæði 13                                             |
| Vegagerðin                                                        |
| Slökkvilið Norðurþings                                            |
| Slökkvilið Norðurþings – Sveitastjórar v/almannavarnaástands      |
| Slökkvilið Þingeyjarsveitar                                       |
| Rauði krossinn á Íslandi                                          |
| Vatnajökulspjóðgarður / Skálaverðir / landverðir / Mývatnsstofa - |
| Heilbrigðisstofnun Norðurlands - Viðbragsstjórn HP                |
| Landhelgisgæslan - Útkallslíð LHG                                 |
| Flugmálastjórn Íslands - Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík        |
| Yfirdýralæknir- MAST                                              |
| NSR - Neyðarstjórn                                                |
| NÖF - Neyðarhópur                                                 |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.2 Hættustig - Eldgos í Bárðarbungu

**Neyðarlína 112 boðar:**

### HÆTTUSTIG – Eldgos – Vatnajökull

|                                                                   |
|-------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn Húsavík                                            |
| Aðgerðastjórn Suðurlandi                                          |
| Lögreglan Norðurland eystra                                       |
| Lögreglan á Austurlandi                                           |
| Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1 og 2        |
| Ríkislögreglustjórinn FMR – Vaktsími/yfirmenn                     |
| Landsstjórn björgunarsveita                                       |
| Svæðisstjórn svæði 11                                             |
| Bj.sv. Dalbjörg, Eyjafjarðarsveit                                 |
| Bj.sv. Súlur, Akureyri                                            |
| Bj.sv. Týr, Svalbarðseyri                                         |
| Bj.sv. Ægir, Grenivík                                             |
| Svæðisstjórn svæði 12                                             |
| Bj.sv. Garðar, Húsavík                                            |
| Bj.sv. Stefán, Mývatnssveit                                       |
| Bj.sv. Núpar, Kópaskeri                                           |
| Bj.sv. Hafliði, Þórshöfn                                          |
| Bj.sv. Þingey, Fnjóskadal                                         |
| Bj.sv. Pólstjarnan, Raufarhöfn                                    |
| Hjálparsveit skáta Aðaldal                                        |
| Hjálparsveit skáta Reykjadal                                      |
| Svæðisstjórn svæði 13                                             |
| Bj.sv. Vopni, Vopnafirði                                          |
| Bj.sv. Hérað, Egilsstöðum                                         |
| Bj.sv. Jöklar, Jökuldal                                           |
| Vegagerðin                                                        |
| Slökkvilið Norðurþings                                            |
| Slökkvilið Norðurþings – Sveitastjórar v/almannavarnaástands      |
| Slökkvilið Norðurþings – Öxarfjarðarskóli Lundi                   |
| Slökkvilið Þingeyjarsveitar                                       |
| Rauði krossinn á Íslandi                                          |
| Vatnajökulspjóðgarður / Skálaverðir / landverðir / Mývatnsstofa - |
| Heilbrigðisstofnun Norðurlands - Viðbragsstjórn HP                |
| Landhelgisgæslan - Útkallslíð LHG                                 |
| Flugmálastjórn Íslands - Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík        |
| Yfirdýralæknir - MAST                                             |
| NSR - Neyðarstjórn                                                |
| NÖF - Neyðarhópur                                                 |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

### 4.3 Neyðarstig – Eldgos í Bárðarbungu

**Neyðarlína 112 boðar:**


#### **NEYÐARSTIG – Eldgos – Vatnajökull**

|                                                                   |
|-------------------------------------------------------------------|
| Aðgerðarstjórn Húsavík                                            |
| Aðgerðastjórn Suðurlandi                                          |
| Lögreglan Norðurland eystra                                       |
| Lögreglan á Austurlandi                                           |
| Ríkislögreglustjórinn – Almannavarnadeild RLS/Hópur 1 og 2        |
| Ríkislögreglustjórinn FMR – Vaktsími/yfirmenn                     |
| Landsstjórn björgunarsveita -                                     |
| Svæðisstjórn, svæði 11                                            |
| Bj.sv. Dalbjörg, Eyjafjarðarsveit                                 |
| Bj.sv. Súlur, Akureyri                                            |
| Bj.sv. Týr, Svalbarðseyri                                         |
| Bj.sv. Ægir, Grenivík                                             |
| Svæðisstjórn, svæði 12                                            |
| Bj.sv. Garðar, Húsavík                                            |
| Bj.sv. Stefán, Mývatnssveit                                       |
| Bj.sv. Núpar, Kópaskeri                                           |
| Bj.sv. Hafliði, Þórshöfn                                          |
| Bj.sv. Þingey, Fnjóskadal                                         |
| Bj.sv. Pólstjarnan, Raufarhöfn                                    |
| Hjálparsveit skáta Aðaldal                                        |
| Hjálparsveit skáta Reykjadal                                      |
| Svæðisstjórn, svæði 13                                            |
| Bj.sv. Vopni, Vopnafirði                                          |
| Bj.sv. Hérað, Egilsstöðum                                         |
| Bj.sv. Jöklar, Jökuldal                                           |
| Vegagerðin                                                        |
| Slökkvilið Norðurþings                                            |
| Slökkvilið Norðurþings – Sveitastjórar v/almannavarnaástands      |
| Slökkvilið Norðurþings – Öxarfjarðarskóli Lundi                   |
| Slökkvilið Þingeyjarsveitar -                                     |
| Rauði krossinn á Íslandi                                          |
| Vatnajökulspjóðgarður / Skálaverðir / landverðir / Mývatnsstofa - |
| Heilbrigðisstofnun Norðurlands - Viðbragsstjórn HP                |
| Landhelgisgæslan - Útkallslíð LHG                                 |
| Flugmálastjórn Íslands - Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík        |
| Yfirdýralæknir - MAST                                             |
| NSR - Neyðarstjórn                                                |
| NÖF - Neyðarhópur NSF                                             |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 5. STJÓRNKERFI

### 5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnerfisins



## 5.2 Aðgerðastjórn

Stjórn aðgerða í umdæmi þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum viðkomandi lögreglustjóra. Hann situr í aðgerðastjórn, sem aðgerðastjóri, ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa RKÍ, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við Samhæfingarstöðina. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við Samhæfingarstöðina.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

### AST er skipuð:

- Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra eða þeim sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- Fulltrúa slökkviliðs
- Fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúa RKÍ
- Fulltrúa frá HSN
- Fulltrúa frá Vatnajökulspjóðgarði, eftir atvikum og atburðarás

### AST skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:

- Símsvörun
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum


### Helstu verkefni AST:

- Stjórn, samhæfing og forgangsöðun heildaraðgerða innan umdæmis
- Stofna aðgerð í aðgerðagrunni, hafi það ekki þá þegar verið gert
- Virkja VST samkvæmt VST plani, þar sem þess er þörf
- Tryggir að skilgreindir lokunarpóstar séu virkjaðir þar sem þess er þörf í samstarfi við VST hverju sinni
- Tryggir að skilgreindir rýmingareitir séu rýmdir sé þess þörf í samstarfi við VST hverju sinni
- Endurmat á háskastigi og umfangi
- Samskipti við VST
- Samskipti við SST
- Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa sé þess þörf
- Sjá um heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan umdæmis
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir innan umdæmis
- Hafa samskipti við fjölmiðla (sjá 5.8)
- Virkja Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA), ef þörf er á
- Virkja Fjöldahjálparstöðvar (FHS), ef þörf er á
- Vinna samkvæmt SÁBF verkþáttaskipuritinu fyrir AST

**Aðsetur aðgerðastjórnar:**      **AST – Húsavík, Slökkvistöðin Húsavík**

**Til vara:**      **AST – Akureyri, Hjalteyrargata 12**

## 5.3 Verkbáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn (AST)



## 5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Ef þurfa þykir skal skipa vettvangsstjóra til að stýra aðgerðum á vettvangi, þetta gæti t.d. átt við í þeim tilfellum að rýma þyrfti ákveðin byggðarlög, bjarga þyrfti fólki og/eða búpeningi af lokuðum svæðum eða slys yrðu á fólki.

Heildarstjórn aðgerða á vettvangi samkvæmt áætlun þessari er í höndum vettvangsstjóra í umboði lögreglustjóra. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjórn verður staðsett á, sjá hér að neðan, til þess að stýra þar aðgerðum undir stjórn AST. Ef samband rofnar við vettvangsstjórnir munu þær taka að sér hlutverk aðgerðastjórnar, hver á sínu svæði.

Staðsetning VST:

- Hafnarbrekka Tjörnesi
- Sveltingur Öxarfirði
- Kross í Ljósavatnsskarði
- Askja
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

Vettvangsstjórn er að jafnaði skipuð fulltrúum frá:

- Lögreglunni, vettvangsstjóri
- Slökkviliði
- Svæðisstjórn björgunarsveita

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í vettvangsstjórn eftir aðstæðum hverju sinni.

Mikilvæg verkefni vettvangsstjórnar:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipunir SÁBF skv. umboði lögreglustjóra.
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn og aðra verkþáttastjóra samkvæmt fjarskiptaplani.
- Tryggja samskipti við vinnuflokka frá veitum og fjarskiptafyrirtækjum sem starfa á svæðinu
- Skipa fólki í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

## 5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóranna en þeir eru milli stjórnendur sem stýra og samhæfa verkpætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

| Verkpáttastjórar   | Aðilar sem skipa verkpáttastjóra        | Vinnusvæði                |
|--------------------|-----------------------------------------|---------------------------|
| Björgunarstjóri    | Svæðisstjórn björgunarsveita/slökkvilið | Hreyfanlegur eftir þörfum |
| Aðhlynningarstjóri | Heilsugæslan                            | Við söfnunarsvæði         |
| Gæslustjóri        | Lögreglan                               | Hreyfanlegur eftir þörfum |
| Flutningastjóri    | Svæðisstjórn björgunarsveita            | Hreyfanlegur eftir þörfum |

**Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:**

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

**Björgunarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við vettvang. Hann undirbýr sig til að bjarga fólki sem ekki hefur komst frá áhrifasvæðinu í tíma og kemst ekki þaðan án aðstoðar samkvæmt fyrirmælum VST.

**Verkefni Björgunarstjóra eru:**

- **Leit:** Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun:** Forgangsraða áður en flutt er frá innri lokun.
- **Björgun:** Bjarga þeim sem lokast hafa inni
- **Slökkvistarf:** Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun:** Koma fólki út af hættusvæði svo fljótt sem verða má í samstarfi við VST

**Aðhlynningarstjóri.** Ekki er gert ráð fyrir því að aðhlynningarstjóri þurfi að fara út á vettvang til að setja upp SSS. Þess í stað undirbýr heilsugæslan að taka á móti þolendum frá áhrifasvæðinu sem kunna að þurfa leita þangað og gerir ráðstafanir til að geta farið út á vettvang ef til þess kæmi.

**Verkefni Aðhlynningarstjóra:**

- **Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda, veita þá umönnun sem möguleg er fram að og við flutning.
- **Forgangsroðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hverskonar tæki og hvaða meðferð á að veita.

**Gæslustjóri** stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða. Hann tryggir að fyrir fram ákveðnir lokunarpóstar séu settir upp og umferðarstjórn sé virk þar sem á þarf að halda. Gæslustjóri sér til þess að lokunum sé haldið svo lengi sem þurfa þykir. Hrað-kannar innviði á áhrifasvæðinu s.s. vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti. Kallar til sérfræðinga til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

**Verkefni Gæslustjóra:**

- **Lokun svæða:** Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, almenn umferð og umferð til og frá SSS
- **Talning:** Talning og flæði þolenda.


**Flutningastjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni Flutningastjóra:

- **Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði:** Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki:** Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýrir nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

**Undirstjórnendur** vinna undir verkpáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna. Helstu verkefni undirstjórnanda:

- Aðstoðamaður fylgir verkpáttastjóra í aðgerð og sér um fjarskipti.
- Stýrir hópi björgunarmanna við ákveðin verkefni eða vinnusvæðið.

## 5.6 Verkbáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn



## 5.7 Hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar

- Halda uppi virku sambandi við aðgerðastjórnir og samræma störf þeirra
- Skipuleggja stuðning við aðgerðastjórnir og útvega bjargir utan umdæmis skv. beiðni hverju sinni
- Skipuleggja og stjórna flutningi slasaðra milli umdæma
- Sjá um heildar samræmingu aðgerða á milli umdæma sem m.a. felst í því að halda uppi virku sambandi við:
  - höfuðstöðvar þeirra viðbragðsaðila sem eru við störf
  - þær fjöldahjálparstöðvar sem virkjaðar eru utan umdæmis
  - þau sjúkrahús sem taka á móti slösuðum
  - þær ríkisstofnanir sem veita aðstoð
  - erlendar björgunarmiðstöðvar, eftir þörfum

## 5.8 Fjölmiðlar

### Hverjir sinna þeim:

Meginstarfseiningar sem koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri/AST (stjórnendur aðgerða)
- SST (samhæfing aðgerða)

Að jafnaði getur SST aðstoðað lögreglustjóra/AST í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar lögreglustjóra eigi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

### Helstu verkefni:

- Eins fljótt og auðið er skal senda út fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um gang mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þar sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar um gang mála.

### Aðgengi að vettvangi:

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan á björgunaraðgerðum stendur og meðan hugsanleg rannsókn fer fram.

### Upplýsingar um afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þeirra sem lenda í afleiðingum eldsumbrota undir Vatnajökli eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Samhæfingarstöðin

## 5.9 Loftbrú

Ef þörf verður á að flytja fólk af hættusvæðum með þyrlum eða flugvélum mun SST sjá um skipulagningu og framkvæmd þess.

## 6. STARFSSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við m.a. slys og eða náttúruhamfarir. Það er ljóst að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum, sem nefnd eru í þessum kafla, vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

### Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

### Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

Móttaka bjarga (MÓT)

## 6.1 Móttökustaður (MÓT)

**Starfsemi:** Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða að tilkynna sig inn í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

**Staðsetning vestan**

- Kross í Ljósavatnsskarði
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

**Staðsetning austan:**

- Hafnarbrekka Tjörnesi
- Sveltingur Öxarfirði
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

**Staðsetning á hálendinu:**

- Dreki
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

**Verkpáttastjóri:** Flutningastjóri

**Undirstjórnandi:** Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11 og 12. Kallmerki „Stjórnandi MÓT“

**Hverjir sinna:** Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11 og 12

**Verkefni og verkaskipting:**

Skráning allra bjarga, tegund sveitar, stærð og kallmerki: Svæðisstjórn björgunarsveita

Staðfesting á hvert hver verkeining skal fara til starfa: Svæðisstjórn björgunarsveita

Upplýsa bjargir um varðaðar akstursleiðir: Lögregla

**Kortatákn:**



## 6.2 Biðsvæði (BH-BF-BTB)

### Starfsemi:

Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað verkefnum eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við Móttöku. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri eða ytri biðsvæði).

### Staðsetning vestan

- Kross í Ljósavatnsskarði
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

### Staðsetning austan:

- Hafnarbrekka Tjörnesi
- Sveltingur Öxarfirði
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

### Staðsetning á hálendinu:

- Dreki
- Annað samkvæmt nánari ákvörðun AST.

### Verkpáttastjóri:

### Flutningastjóri

### Hverjir sinna:

Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11 og 12

### Verkefni og verkaskipting:

|                                                        |                             |
|--------------------------------------------------------|-----------------------------|
| Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði          | Lögregla / björgunarsveitir |
| Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni           | Lögregla / björgunarsveitir |
| Skráning flutningatækja og flutningsgetu               | Lögregla / björgunarsveitir |
| Umsjón og eftirlit virkjun flutningatækja til verkefna | Lögregla / björgunarsveitir |
| Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði                   | Lögregla / björgunarsveitir |
| Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni             | Lögregla / björgunarsveitir |

### Kortatákn:

Biðsvæði hjálparliðs

Biðsv. tækja og búnaðar

Biðsv. flutningatækja

**BH**

**BTB**

**BF**

### 6.3 Gæslustörf á vettvangi

|                                |                                                                                                                                                          |
|--------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b><u>Starfsemi:</u></b>       | Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning. |
| <b><u>Ytri lokun:</u></b>      | Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST                                                                                                             |
| <b><u>Innri lokun:</u></b>     | Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST                                                                                                             |
| <b><u>Verkpáttastjóri:</u></b> | <b>Gæslustjóri</b>                                                                                                                                       |
| <b><u>Aðstoðamaður:</u></b>    | Lögreglumaður eða fulltrúi svæðisstjórnar. Kallmerki „Gæslustjóri“.                                                                                      |
| <b><u>Undirstjórnandi:</u></b> | Verkefnisstjóri / Svæðisstjóri eftir eðli verkefnis                                                                                                      |
| <b><u>Hverjir sinna:</u></b>   | Lögreglan<br>Björgunarsveitir                                                                                                                            |

#### Verkefni og verkaskipting

|                                           |                            |
|-------------------------------------------|----------------------------|
| Uppsetning á innri lokun við hamfarasvæði | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Skipulag á umferðastjórn                  | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Umsjón með söfnunarsvæði látinna          | Lögreglan                  |
| Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða   | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Löggæsla og verndun á slysavettvangi      | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði       | Lögreglan/Björgunarsveitir |
| Ytri lokanir                              | Lögreglan/Björgunarsveitir |

#### **Kortatákn:**

Innri lokun

IL

Ytri lokun

YL

## 6.4 Hamfarasvæði og næsta nágrenni (SLY)

|                                |                                                                                                                                                                                            |
|--------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b><u>Starfsemi:</u></b>       | Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning á söfnunarsvæði slasaðra til áverkamats, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit og hreinsunarstörf. |
| <b><u>Staðsetning:</u></b>     | Staðurinn þar sem hamfarir eiga sér stað og næsta nágrenni. Afmarkast oft af innri lokun.                                                                                                  |
| <b><u>Verkbáttastjóri:</u></b> | <b>Björgunarstjóri</b>                                                                                                                                                                     |
| <b><u>Hverjir sinna:</u></b>   | Slökkvilið<br>Björgunarsveitir<br>Lögreglan                                                                                                                                                |

### Verkefni og verkaskipting

|                                      |                                                 |
|--------------------------------------|-------------------------------------------------|
| Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir | Slökkvilið                                      |
| Lífsgjargandi aðstoð                 | Slökkvilið/Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir |
| Leit að þolendum                     | Björgunarsveitir                                |
| Bráðaflokkun                         | Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir            |
| Umönnun þolenda                      | Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir            |
| Undirbúningur fyrir flutning á SSS   | Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir            |
| Hleðslustjórn                        | Björgunarsveitir                                |
| Hleðsla sjúkrabifreiða               | Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir            |
| Talning í flutningi á SSS            | Gæslustjóri/lögreglan/aðrir                     |
| Flutningur slasaðra til SSS.         | Sjúkraflutningsmenn/björgunarsveitir            |

## 6.5 Fjöldahjálparstöðvar

**Starfsemi:** Staður þar sem óslösuðum þolendum er safnað saman.

**Staðsetning:** Samkvæmt ákvörðun AST hverju sinni í samráði við RKÍ

**Ábyrgð:** AST - Rauði krossinn stýrir opnum og starfrækslu fjöldahjálparstöðva


**Aðrir stjórnendur:** Rauði krossinn stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

**Hverjir sinna:** RKÍ

### Verkefni og verkaskipting

|                                             |                |
|---------------------------------------------|----------------|
| Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur | Rauði krossinn |
| Sálrænn stuðningur / áfallahjálp            | Rauði krossinn |
| Sameining aðstandenda og lítið slasaðra     | Rauði krossinn |

**Kortatákn:**



## 7. RÝMINGARÁÆTLUN

### 7.1 Almennt

